

202. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 24. janúar 2019
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Marzellius Sveinbjörnsson formaður, Anna Ragnheiður Grétarsdóttir aðalmaður, Sígurður Jón Hreinsson aðalmaður, Högni Gunnar Pétursson varaformaður og Ólafur Baldursson varamaður.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Könnun Peter Wild um áhrif skemmtiferðaskipa - 2019010016

Lögð fram niðurstaða könnunar sem Peter Wild framkvæmdi sumarið 2018 að beiðni Cruise Iceland og Hafnarsambands Íslands, sem og minnisblað Hálfáns Bjarka Hálfánssonar upplýsingafulltrúa um könnunina.

Hafnarstjórn lýsir ánægju með framlagða skýrslu.

2. Endurnýjun björgunarskips á Ísafirði - 2002120016

Lagt fram bréf Gauta Geirssonar f.h. Björgunarbátasjóðs Ísafjarðar þar sem leitað er samstarfs vegna kaupa á nýju björgunarskipi í stað Gunnars Friðrikssonar. Ragnar Ágúst Kristinsson, gjaldkeri Björgunarbátasjóðs Ísafjarðar, kom til fundar við nefndina.

Hafnarstjórn tekur vel í erindið og felur hafnarstjóra að vinna ásamt Björgunarbátasjóðnum að drögum að samkomulagi sem lagt verður fyrir nefndina.

Gestir

Ragnar Ágúst Kristinsson - 12:20

Ragnar yfirgaf fundinn klukkan 12.30.

3. Ályktun um öryggi í höfnum - 2017020060

Lögð fram ályktun Hafnasambands Íslands um öryggi í höfnum.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir því að skipaður hefur verið öryggisfulltrúi sem hefur hafið vinnu við endurnýjun öryggisáætlunar fyrir hafnir Ísafjarðarbæjar.

4. Þinggerð 41. Hafnasambandsþings - 2017020060

Lögð fram endanleg þinggerð 41. Hafnasambandsþings.

Lagt fram til kynningar.

5. Staða landtenginga í höfnum landsins - 2017020060

Lagt fram minnisblað Gísla Gíslasonar, formanns Hafnasambands Íslands og hafnarstjóra Faxaflóahafna, um stöðu landtenginga á helstu höfnum landsins.

Lagt fram til kynningar.

6. Geymsluport á Suðurtanga - 2018060058

Lagt fram minnisblað Guðmundar Magnúsar Kristjánssonar hafnarstjóra varðandi geymsluport á Suðurtanga og tekjur hafnarsjóðs af útleigu þess.

Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að hefja undirbúning að lokun geymsluports og gera skipulags- og mannvirkjanefnd og umhverfis- og framkvæmdanefnd grein fyrir lokuninni.

7. Fundargerð 408. fundar Hafnasambands Íslands - 2017020060

Lögð fram fundargerð 408. fundar Hafnasambands Íslands.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:55

Marzellius Sveinbjörnsson

Anna Ragnheiður Grétarsdóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Högni Gunnar Pétursson

Ólafur Baldursson

Guðmundur M Kristjánsson

Hálfván Bjarki Hálfvánsson